



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 21.02.2020

Kl.: 13:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Söttvarnalæknir,

Óvissustig vegna kórónaveiru (COVID-19)

Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveirufbrigði er að ræða, sem nú kallast COVID-19. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum.

Á Íslandi er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur influensu. Ef svo ber undir má virkja Landsáætlun-sóttvarnir hafna og skipa, og Landsáætlun –alþjóðaflugvellir samhliða Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Enginn einstaklingur hefur enn sem komið er greinst á Íslandi.

Samantekt

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Söttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn Sýkla og veirufræðideild- sýkingavarnadeild
- Heilsugæslahöfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Landsbjörg
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur um alþjóðaflugvelli og skipaumferð um skilgreindar hafnir
- Vegagerðin
- Samtök atvinnulífsins og sérstaklega SAF.
- Lyfjastofnun
- Landhelgisgæsla Íslands
- Tollgæslan
- Utanríkisráðuneytið

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 21. febrúar 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 76.740 einstaklingum og um 2.247 einstaklingar hafa látist (2,9%). Níu dauðsföll hafa orðið utan Kína, tvö í Íran, tvö í Japan (skemmtiferðaskip), eitt í Taiwan, eitt á Filippseyjum, eitt í Japan, eitt í S-Kóreu og eitt í Frakklandi. Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 18.562 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála.

Tilfelli sem greinst hafa eru frá Kína (75.467), Hong Kong (68), Macao (10), Singapúr (85), Taílandi (35), Suður-Kóreu (156), Japan (97), Taívan (26), Malasíu (22), Víetnam (16), Sameinuðu arabísku furstadæmin (9), Indland (3), Filippseyjar (3), Kambodía (1), Nepal (1), Sri Lanka (1), Ástralíu (15), Bandaríkjunum (16), Kanada (9), Þýskaland (16), Frakkland (12), Bretland (9), Ítalía (3), Rússland (2), Spánn (2), Belgía (1), Finnland (1), Svíþjóð (1), Íran (5) og Egyptaland (1). Farþegaskip við Japan (634). Flest tilfelli (99%), eða 75.562 hafa greinst í Kína. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Ísland

- Staða mála er óbreytt. Enginn einstaklingur hefur greinst á Íslandi.
- Á stöðufundi samhæfingarstöðvar almannavarna í morgun var farið yfir faraldsfræði kórónaveirunnar, m.a. rannsóknir [Robert Koch Institut](#) í Þýskalandi sem fylgist með þróuninni, metur upplýsingar og gefur út áhættumat fyrir Þýskaland. Stofnunin hefur skoðað útbreiðslu veirunnar innan héraða í Kína og virðist tilfellum fækka nokkuð hratt í öllum héruðum. Lítið hefur borist um veikindi í börnum, hugsanlegt að þau verði ekki mjög veik af veirunni. Dánarhlutfall af völdum veirunnar virðist lækka eftir því sem tíminn líður. Nýjar rannsóknir í Kína benda til að dánarhlutfall sé hæst hjá öldruðum og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma. Einnig virðist dánarhlutfall vera hæst í Hubei héraði, en það hefur verið mun lægra í löndum utan Kína, einkum miðað við Hubei hérað. Líklega getur fólk smitað án þess að vera með einkenni og einnig er óljóst hversu lengi einstaklingar smita að loknum veikindum. Því er mælt með 14 daga einangrun eins og tíðkast um aðra alvarlega smitsjúkdóma. Nýjum tilfellum hefur fækkað á undanförunum dögum, útbreiðsla utan Kína verið hæg og enn virðist rakning smitleiða, einangrun og sóttkví þegar tilfelli greinast þar duga til að hindra útbreiðslu veirunnar, en samkvæmt reynslu frá Þýskalandi hafa aðgerðirnar verið mjög vinnukrefjandi
- Hér á landi hafa nú 25 sýni verið rannsökuð af sýkla og veirufræðideild Landspítalans. Reyndust þau öll neikvæð.
- Enginn hefur greinst í Evrópu frá því um helgina.
- Næsti fundur með umdæmislæknum sóttvarna og lögreglu verður haldinn 25. febrúar n.k.
- Áfram er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur influensu.
- Næsti stöðufundur í samhæfingarstöð almannavarna verður mánudaginn 24. febrúar

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfir aðgerðir í samstarfi við sóttvarnalækni/embætti landlæknis

Almannavarnastig er óbreytt: unnið er á óvissustigi- Landsáætlun um heimsfaraldur influensu.

Vinnuhópur ríkislögreglustjóra vinnur að greiningu á hugsanlegum aðgerðum sem miða að því að stemma stigu við komu ferðamanna frá áhættusvæðum. Íslensk, þriggja manna fjölskylda sem dvalist hefur í Kína fór með flugi Evrópusambandsins til Frakklands og eru þau væntanleg til landsins. Fjölskyldan hefur engin einkenni kórónuveirunnar. Munu þau halda sig heima við næstu 14 daga eins og mælt er til að allir geri sem koma til landsins eftir að hafa dvalið í Kína.

Sóttvarnalæknir/embætti landlæknis

Unnið að samhæfingu aðgerða, leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuna og atvinnulífið. Upplýsingar eru uppfærðar og nýjar leiðbeiningar settar inn eftir þörfum. [Sjá nánar.](#)

Áhættumat sóttvarnalæknis fyrir Ísland er samhljóða áhættumati Sóttvarnastofnunar Evrópu sem metur stöðuna þannig að mjög litlar líkur séu á að veiran verði lýðheilsuögn í löndum Evrópu sem beiti einangrunar- og sóttkvíaðgerðum.

Sýkingin getur hins vegar orðið íþyngjandi fyrir þá einstaklinga sem sýkjast, einkum meðal aldraðra og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma.

Landspítalinn – Sýkla og veirufræðideild-sýkingavarnadeild.
Situr daglega samráðsfundi SVL með samhæfingarstöð almanna. Í dag hafa 25 einstaklingar verið rannsakaðir af sýkla og veirufræðideild.m.t.t. hinnar nýju kórónaveiru og var enginn þeirra með veiruna. Viðbótarhúsnæði fyrir sjúklinga sem grunaðir eru um að vera smitandi var tekið í notkun þann 20. feb við BMT í Fossvogi.
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is
Umdæmis og svæðislæknir (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr reglulega. samráðsfundi með SVL.
Alþjóðaflugvellir, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík. Sóttvarnahafnir.
Upplýsingum er miðlað til farþega og starfsmanna. Landhelgisgæslan sendir upplýsingar til erlendra skipa sem eru á leið til hafnar á Íslandi og fer yfir farþegalista ásamt Tollgæslunni. Mikil áhersla er að ná til farþega sem koma til landsins. Sent SMS til komufarþega Keflavík, Akureyri og Norrænu á Seyðisfirði.
Ferðapjónustuaðilar
Ferðamálastofa og Samgöngustofa dreifa upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðapjónustuaðila.
Heilbrigðisstofnanir og lögregla á landsbyggðinni
Umdæmin eru vel undirbúin skv. viðbragðsáætlunum. Næsti samráðsfundur SVL og lögreglustjóra umdæmanna verður haldinn 25. febrúar n.k.
Læknavaktin
Miðlar upplýsingum og tryggir svörun 24/7. Símaþjónusta 1700. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113. Símtöl hafa gengið vel. Samráð við HH um að tryggja aðgang að vakthafandi lækni.
Rauði Krossinn
Unnið er að þarfagreiningu v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi. Unnið í samvinnu við Landspítala. Rauði krossinn veitir sálfélagslegan stuðning við fjölskyldur sem eru í sóttkví. Virkjaður hefur verið samráðshópur áfallahjálpar sem skráir inn upplýsingar í aðgerðagrunn yfir stöðu mála.
Landsbjörg
Miðlar upplýsingum til ferðamanna á www.safetravel.is . Vinnur að því að skrá nýja aðila inn í aðgerðagrunn SAR-EYE.
Utanríkisráðuneytið.
Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins á í daglegu samráði við borgarþjónustur Norðurlanda. Sendiráð Íslands í Peking er í sambandi við Íslendinga í Kína, m.a. þá sem hafa skráð sig á netfanginu help@mfa.is . Einnig eru settar tilkynningar á samfélagsmiðla (sjá Facebook https://www.facebook.com/utanrikisthjonustan/).
Lyfjastofnun
Er í samskiptum við Lyfjastofnanir erlendis og fylgist með birgðum nauðsynlegra lyfja. Ekkert bendir til lyfjaskorts hérlendis af völdum COVID-19 enn sem komið er. Sjá nánar frétt á vef Lyfjastofnunar .

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild www.almannavarnir.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)